



Steinasúpan – Stone Soup

Aldur: 5+

Fjöldi leikmanna: 2 – 6

Leiktími: 15 – 20 mínútur

Innihald: 1x leikborð, 10x eldspjöld („Fire Out“), 1x töfrasteinn (spjald) og 24x súpuspjöld (12 pör).

Hugmynd og markmið:

Steinasúpan er samstæðuspil sem bragð er af. Í stað þess að keppast um að ná sem flestum samstæðum, *hjálpast leikmenn að við að elda steinasúpu*. Markmið leiksins er að finna öll samstæðu súpuspjöldin áður en eldurinn undir súpunni deyr út af völdum eldspjaldanna.

Munið að samvinnuspil inniber að allir leikmenn vinna saman að einni útkomu – allir sigra eða tapa saman. Í þessu spili má því að tala upphátt, hrópa eða benda á spjöld sem þið viljið að liðsfélagar ykkar snúi við. Þó það sé einn að snúa við, eiga allir að nota sitt minni til að hjálpa við að finna samstæður. Það er samvinna!

Undirbúningur:

Breiðið úr leikborðinu á flötu undirlagi. Snúið öllum 35 spjöldunum á hvolf og ruglið vel. Dreifið úr þeim á leikborðið, bara ekki ofan á súpupottinn eða hvort annað.

Gangur spilsins:

Leikmaðurinn sem er hrifnastur af súpu byrjar. Allir gera koll af kolli klukkuhringinn. Sú fyrsta sem gerir, snýr við tveimur spjöldum. Ef þau mynda **samstæðu**, setur hún þau ofan í pottinn. Ef ekki, skilar hún þeim á hvolf á sömu staði. Nú gerir næsti leikmaður.

Ef **eldspjaldi** er snúið við, er það sett á einn af reitunum í eldinum.

Ef töfrasteininum er snúið við, er hann lagður til hliðar. Það má nota hann einu sinni (það skiptir ekki máli hver er að gera) en leikmenn eiga að taka sameiginlega ákvörðun um það hvenær steinninn er notaður. Hann má nota til að snúa einu eldspjaldi sem upp kemur, aftur á hvolf. Töfrasteinninn *má ekki nota* til að losna við eldspjald af leikborðinu, eða eldsvæðinu. Það má aðeins nota hann einu sinni og svo er hann settur í pottinn. Ef töfrasteinninn er fyrra spjaldið sem leikmaður snýr við, má hann samt snúa við öðru.

Leikmenn skiptast þannig á að snúa við tveimur spjöldum í leit að samstæðum. Það má aðeins setja eina samstæðu í pottinn þegar maður gerir.

Leikslök:

Ef leikmenn ná að finna allar 12 samstæðurnar áður en eldurinn deyr út, sigra allir!

Þýðing: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir